

Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 7. júlí 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum um borholur á Reykjum, Mosfellsdal, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.17 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mosfellsbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og Orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ, Matsskyldufyrirspurn. Veitur – VSÓ ráðgjöf. Júní 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Mosfellsbæ dags. 30. júlí 2025
- Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, dags. 6. ágúst 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 6. ágúst 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 6. ágúst 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 1. ágúst 2025
- Umhverfis- og Orkustofnun dags. 24. júlí 2025
- Vegagerðinni dags. 7. ágúst 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 27. ágúst og 18. september 2025.


3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í borun sjö vinnsluhola fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Tilgangur fyrirhugaðra borana er margþættur og tengist bæði núverandi áskorunum Veitna í rekstri og framtíðarþörfum hitaveitunnar. Um er að ræða gróið land og einkennist svæðið einkum af ræktun ýmiskonar og beit. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem óbyggt svæði eða framtíðar íbúðarsvæði. Borplön eru í námunda við opin svæði til sérstakra nota fyrir skógrækt og garðhúsabyggð. Vestan við framkvæmdasvæðið eru þéttbýl svæði með íbúðabyggð og samfélagsþjónustu. Framkvæmdasvæðið er um 6,5 ha og er hver borteigur áætlaður um 1.500 m². Til viðbótar við boranir munu framkvæmdirnar fela í sér gerð aðkomuvega, undirbúning borteiga og tengingu við innviði.



Tæknilýsing

Holurnar verða allar boraðar með 100 tonna jarðbor sem þarf allt að 3.200 m² stórt borplan. Tvær af holunum verða boraðar frá sama plani þ.e. gerð verða sex borplön fyrir holurnar sjö. Þær verða um 1.500 m djúpar og tvær af fyrirhuguðum holum verða stefnuboraðar. Gert er ráð fyrir að vinnsluhluti holanna verði boraður með 8 ½" borkrónu. Þær verða með steyptri vinnslufóðringu niður á 250-400 m dýpi. Þvermál vinnslufóðringar í holunum er áætlað 9 5/8". Áætlaður framkvæmdatími fyrir hverja holu eru 10 vikur. Óvissa er um hvort að holurnar verði borðar allar á eftir hvorri annarri eða beðið með hluta af holunum. Að minnsta kosti verða 3-5 holur borðaðar hver á eftir annarri í fyrsta áfanga.



Mynd 1. Staðsetning borplana vegna framkvæmdar, ásamt slóðum og bráðabirgða vatnsveitu á yfirborði (mynd fengin úr matsskyldufyrirspurn).

Við borun þarf skolvatn sem ber borsvarf upp úr holunum, auk þess að kæla borkrónuna. Skolvatnið verður fengið annarsvegar úr læk í nágrenni borsvæðisins í Skammdal og hins vegar úr Varmá þar sem hún rennur við Reykjabúið. Hugsanlegt er að hluti vatnsins komi úr vatnsveitu á svæðinu. Reiknað er með að grunnrennsli vatnsveitu fyrir skolvatn fyrir hverja holu verði 18-20 l/s. Í skoltapi, ef skolvatnið tapast allt út í jarðlög í holunni við borun og ekkert berst til yfirborðs til endurnýtingar, þarf hinsvegar að bæta það upp og þá getur vatnsnotkun orðið allt að 50 l/s.

Borsvarf safnast fyrir í svarfþró og verður síðan endurnýtt í fyllingar á svæðinu, m.a. til að fylla í kanta á borplönunum og móta hljóðmanir við borholur. Leðja og annar úrgangur frá borun eftir ferskvatni er á lista yfir úrgang sem ekki er spilliefni.

Efnisþörf og slóðagerð

Í heild er efnisþörf fyrir borplönin áætluð á bilinu 2.600-3.200 m³ og verður efnið tekið út nærliggjandi námum með tilskilin leyfi. Aðkoma að borplönunum verður eftir slóðum sem liggja þegar um svæðið. Mögulegt er að styrkja þurfi slóðana á köflum. Við lok framkvæmdar verður gengið frá borplönunum með það að markmiði að tryggja sem besta aðlögun raskaðs svæðis að nærliggjandi



umhverfi. Laust efni og jarðvegur verður jafnað út eftir þörfum til að forðast skörp skil í landslaginu. Allur búnaður sem notaður verður við borun verður fjarlægður af svæðinu að lokinni borun.

Verndarsvæði

Framkvæmdasvæðið er utan allra verndarsvæða en nokkur friðuð svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þetta eru náttúruvættin Tungufoss í Köldukvísl og Álafoss í Varmá, friðlandið Varmárósar, Blikastaðakró-Leiruvogur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla og loks Varmá, Leiruvogur og Hafravatn sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár.

Hverfisverndarsvæði er um 50 m breitt belti beggja vegna Varmár þar sem hún rennur frá upptökum sínum um Reykjahverfi, Álafossvos og við rætur Ullarnesbrekku til sjávar. Varmá er á náttúruminjaskrá.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Veitna og umsögnum umsagnaraðila.

Hljóðvist

Í greinargerð Veitna kemur fram að helstu áhrif á hljóðvist vegna framkvæmda af þessu tagi sem hljótist af borun stafa af loftpressun. Við sambærilegar framkvæmdir hafi hávaðastig frá loftpressum mælt 75 dB. Bortækið og dælubúnaður sem nota eigi við þessar framkvæmdir verði rafdrifið sem dragi töluvert úr hávaða í samanburði við bora knúna af eldsneyti.

Á þeim borplönum sem séu næst íbúabyggð verði unnið við boranir á dagvöktum og vinnan sem skapi hávaða verði unnin frá 8-19 á virkum dögum. Ef unnið verði um helgar muni vinnan hefjast kl 10. Á þeim borplönum sem fjær séu íbúabyggð verði mögulega unnið á sólahringsvöktum.

Borunin feli í sér háværar framkvæmdir og líklegt sé að þær hafi tímabundið neikvæð áhrif á hljóðvist í nágrenni við framkvæmdasvæðið eða í 10 vikur við hverja holu. Borholurnar Reyk-3 og Reyk-5 séu nær íbúabyggð og Reykjalandi eða í 400 m fjarlægð. Að borun lokinni séu áhrif á hljóðvist talin óveruleg eða engin. Tilhögun vinnu verði í samræmi við reglugerð um hávaða. Ef niðurstöður mælinga bendi til þess að hávaða verði yfir mörkum þá verði farið í mótvægisáðgerðir á hverju borplani þar sem þurfa þyki. Það felist m.a. í því að raða upp gámum meðfram borplani og mynda einskonar hljóðmön en slíkum mótvægisáðgerðum hafi verið beitt áður þar sem boranir Veitna hafi farið fram nálægt íbúabyggð.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mati stofnunarinnar þurfi við mat á áhrifum hljóðvistar að taka tillit til þess að svæðið hafi almennt gildi fyrir útivist og náttúruþröfn, bæði fyrir íbúa í Mosfellsbæ og gesti svæðisins. Í næsta nágrenni sé garðhúsabyggð, skógræktarsvæði og göngusvæði meðfram Varmá, sem auki viðkvæmni svæðisins gagnvart röskun á hljóðvist. Áhrif af framkvæmdinni séu bundin við framkvæmdatíma en nauðsynlegt sé að hljóðvist sé metin með tilliti til íbúðabyggðar, viðkvæmrar starfsemi og útivistargilda svæðisins. Slíkt mat þurfi að fela í sér staðbundnar hljóðmælingar og skýr viðmið um hvenær gripið verði til mótvægisáðgerða, svo sem hljóðmanir, takmarkanir á vinnutímum og aðlögun framkvæmdaferla.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Veitur taki undir með því að svæðið sé viðkvæmt gagnvart röskun á hljóðvist. Unnið verði samkvæmt reglugerð um hávaða. Áhrifin verði bundin við framkvæmdatíma líkt og komi fram í umsögn, og í matsskyldufyrirspurn séu skilgreindar mótvægisáðgerðir ef niðurstöður mælinga bendi til þess að hávaði verði yfir mörkum.

Ekki hafa farið fram mælingar á bornum sem nota á við framkvæmdir en til séu mælingar frá 2024 fyrir annan bor sem hafi verið notaður í sambærilegum borunum sem sýndi að hávaðastigið á



borplani var á bilinu 67,7-74,9 dBA. Hávaðinn frá bornum sem nota á við þessari framkvæmdir verði eitthvað lægri og Veitur séu að undirbúa hljóðprófanir á bornum til að fá það staðfest.


Þegar horft sé til útbreiðslu hljóðs frá borplani gefi eldri mælingar til kynna að styrkur minnki hratt með fjarlægð. Hljóðmanir séu einnig áhrifaríkar og mikið notaðar leiðir til að draga úr hávaða frá t.a.m. umferð og iðnaðarsvæðum. Hljóðmanir hindri dreifingu hljóðs og lækki hljóðstig með því að endurkasta og gleypa hluta af hljóðbylgjum svo styrkur þeirra minnki verulega þegar þær komist yfir eða framhjá veggnum. Notkun gáma hafi reynst vel í sambærilegum verkefnum en Veitur séu ekki með í höndum nákvæmar mælingar um hversu mikið slík hljóðmön geti dregið úr hávaða.

Í 400 m fjarlægð frá borholu sé Endurhæfingarstöðin í Reykjalundi en skógrækt sé á milli borplana og Reykjalundar sem líkleg sé til að dempa hávaða frá framkvæmdunum. Í 100 m fjarlægð frá borholum sé unnið að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Miðað við mælingar sem hafi verið gerðar í gegnum árin á sambærilegum borunum og kynntum mótvægisáðgerðum sé ekki búist við umtalsverðum neikvæðum áhrifum á íbúðarbyggð.

Vatnshlot

Í greinargerð Veitna kemur fram að unnið hafi verið áhrifamat framkvæmdar á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Undir framkvæmdasvæðinu liggja þrjú vatnshlot þ.e. Hafravatn (104-261-1-G), Stór-Reykjavík (104-261-2-G) og Leirvogsa (104-289-G). Ekkert álag sé skráð á þessi grunnvatnshlot. Eitt grunnvatnshlotanna, Stór-Reykjavík sé á lista Umhverfis- og orkustofnunar yfir vatnshlot í óvissu um hvort að það uppfylli umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand.

Í grenndinni sé straumvatnshlotið Varmá (104-825-R) og lækurinn í Skammdal sé innan aðrennslissvæðis þess. Gert sé ráð fyrir að umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt og vistfræðilegt ástand náist og að vistfræðilegt ástand sé mjög gott, byggt á líkindum. Ekkert álag sé skráð á vatnshlotið. Jarðhitaáhrifa gæti talsvert í vatnsföllum á þessu svæði, m.a. í Varmá. Í ána renni heitt vatn frá hitaveitu.



Mynd 2. Vatnshlot á framkvæmdasvæði ásamt staðsetningu borhola, framræsluskurða og lækja (mynd fengin úr matsskyldufyrirspurn).



Mælingar hafi sýnt að rennslið í Varmá í grennd við fyrirhugað borholusvæði sé 300-700 l/s. Miðað við slíkt rennsli þá nemi vatnstakan um 1-6,7% af sólarhringsrennsli eftir því hve lengi sé unnið, hve mikið vatn þurfi og hver vatnsstaðan sé í ánni. Gera megí ráð fyrir að áhrif af vatnstöku á rennsli straumvatns aukist í takt við magn vatnstökunnar og tímalengd samfelldrar vatnstöku, 0-10% breyting á lágrennsli yfir sumartímann rúmist innan náttúrulegra breytinga en breyting umfram það geti haft áhrif á aðgengi fiska og hryggleysingja að búsvæðum. Miðað við þetta sé ekki talið að vatnstakan muni að jafnaði hafa neikvæð áhrif á ána. Ef vatnstakan fari yfir 10% lágrennslis þ.e. 300 l/s geti hins vegar orðið neikvæð áhrif. Í ljósi framangreinds séu taldar óverulegar líkur á neikvæðum áhrifum á borð við skert aðgengi lífvera að búsvæðum. Hugsanlegt sé að vatnstakan sjálf geti truflað búsvæði lífvera nálægt vatnstökustaðnum staðbundið og tímabundið.

Alla jafna sé skolvatn endurnýtt í hringrás. Ef holan hitti á gæfar æðar geti jarðhitavatn blandast við skolvatnið og hitað það. Þannig sé mögulegt að skolvatn verði allt að 60- 70°C heitt þegar það komi upp úr holunum.

Skolvatn við borun vinnsluhluta, sem ekki verði notað, fari í gegnum setgildru og þaðan leitt í gamla framræsluskurði. Ef skolvatn hitni mikið í borun verði það kælt niður fyrir 60°C með köldu vatni áður en það fari í skurði og jarðveg en erfitt sé að áætla magn skolvatns sem fari þá leið því að vatnsmagnið geti verið svipað, minna en oftast meira en dælt sé ofan í holuna. Skolvatnið fari á endanum í Varmá eða lækinn í Skammadal eftir staðsetningu borhola. Þrátt fyrir kælingu á skolvatni geti orðið vart við staðbundna og tímabundna hitastigshækkun yfir 2°C í læknum og í Varmá. Óvissa ríki um hvort hækkunin geti haft neikvæð áhrif á líffræðilega gæðapætti sem notaðir séu til að meta vistfræðilegt ástand straumvatnshlota. Mikil þynning eigi sér stað í hringrásinni og í skurðum sem dragi úr styrk íblöndunarefna. Engin af þessum efnum séu flokkuð sem eitruð vatnalífverum og því séu taldar óverulegar líkur á neikvæðum áhrifum í læknum og Varmá vegna þeirra. Tímabundið og staðbundið grugg geti þó orðið viðvart. Grugg geti haft áhrif á ljóstíllífun, en slík áhrif séu talin óveruleg í straumvötnum þar sem straumur beri agnir hratt á brott. Sjónðýpi sé auk þess ekki notað sem gæðapáttur í straumvötnum. Því sé talið ólíklegt að staðbundið og tímabundið grugg í læknum og Varmá geti haft áhrif á líffræðilega gæðapætti.

Í lok borana blása holur í nokkrar klukkustundir í þeim tilgangi að hreinsa svarf úr holunum og að gefa fyrstu mælingu á afköstum þeirra. Á þessu stigi sé ekki hægt að segja til um hversu mikið jarðhitavatn komi úr holunum en gert sé ráð fyrir að það verði í mesta lagi 50 l/s. Ætla megí að hitastig jarðhitavatsins í holunum verði 90-100°C. Jarðhitavatn úr holuprófunum verði leitt sömu leið og umfram skolvatn í borun. Áður verði jarðhitavatnið blandað með köldu vatni til að lágmarka áhrif á hitastig viðtaka.

Litlar líkur séu taldar á því að íblöndunarefni í skolvatni hafi neikvæð áhrif á grunnvatn, hvorki kalda hlutans né heita hlutans. Við borun fyrir fóðringum verði borleðjan notuð sem skolvökvi. Vegna eiginleika sinna hafi borleðjan tilhneigingu til að tapast út í jarðlög en hreint vatn og berst því ekki í verulegu magni út í bergið umhverfis holuna. Við borun fyrir fóðringum verði borleðjan endurnýtt allan tímann og að borun lokinni verði farið með hana af borstað og henni fargið með óvirkum úrgangi. Ef einhver hluti borleðjunnar fari út í sprungur og jarðlög kemst hún ekki langt vegna seigju sinnar og mun sitja kyrr í næsta nágrenni við holuvegginn um ókomna tíð. Vinnslufóðringar holanna verði steypтар niður á 250-440 m sem komi alfarið í veg fyrir að skolvökvi úr dýpri og heitari hluta holunnar blandist köldu grunnvatni.

Að öllu jöfnu fari skolvökvi ekki í neðri grunnvatnslög þar sem lofti sé blandað við skolvatnið. Við borun á vinnsluhluta berist því meira vatn úr holunni heldur en leggi af stað niður í hana sem skolvökvi. Borunin hafi því óveruleg áhrif á gæði grunnvatns. Efni sem gætu komist í snertingu við grunnvatn muni þynnast hratt út í stórum grunnvatnshlotum sem hafi lekan berggrunn og miðlungs streymi, þ.e. Hafravatn og Stór-Reykjavík. Leirvogsá sé viðkvæmara svæði þar sem



grunnvatnsstreymi sé lítið og því þurfi að vanda sérstaklega til verka við borun holu REYK-7 sem liggi innan þess vatnshlots.

Líkanreikningar bendi til að Reykir geti borið allt að 20% vinnsluaukningu án neikvæðra áhrifa á grunnvatnsstöðu. Einnig að innstreymi inn í kerfin sé að öllu jöfnu nokkuð gott en að sama skapi ríki töluverð óvissa um viðbrögð lághitasvæðanna við aukinni vinnslu m.a. á vatnsborðssveiflur í vinnsluholum. Ekki sé ætlunin að auka heildarvinnslu úr svæðinu umfram það sem mesti hafi verið unnið. Því muni framkvæmdin ekki verða til þess að magnstaða grunnvatnshlotanna sem um ræði skerðist umfram það sem hafi átt sér stað með sögulegri vinnslu. Reynslan sýni að áhrifin séu tímabundin þar sem vatnsborð í jarðhitakerfunum rísi til fyrri stöðu þegar dregið sé úr vinnslu. Áhrifin á magnstöðu grunnvatns á fyrirhuguðu borsvæði séu því talin óveruleg.

Vinnslan verði aukin í litlum skrefum í takt við aukningu á eftirspurn eftir heitu vatni. Aukningin hafi verið 1-1,5% á árin síðustu ár. Einnig verði fylgst með viðbrögðum svæðisins við aukinni vinnslu m.t.t. vatnsborðs, hita og efnasamsetningar jarðhitavatns.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þar sem talið sé að vatnstaka úr Köldukvísl geti tímabundið truflað búsvæði lífvera nálægt vatnstökustað og að staðbundin hækkun geti orðið á hitastigi í Varmá sem og aukning á gruggi, sé æskilegt að fylgst verði með bæði Kaldakvísl og Varmá á framkvæmdatíma svo hægt sé að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif á lífríkið.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fylgst verði með Köldukvísl og Varmá á framkvæmdatíma skv. vöktunaráætlun sem muni fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mati stofnunarinnar beri að leggja ríka áherslu á að tekið sé fullt mið af verndargildi Varmár sem sé á náttúruminjaskrá og að varúðarreglu náttúruverndarlaga beri að beita við leyfisveitingar og mat á framkvæmdum sem geti haft áhrif á ástand og eiginleika slíks vatnsfalls. Náttúruverndarstofnun telji mikilvægt að áhrifum af skolvatni í Varmá sem talin séu upp í greinargerð sé veitt ítarlegt mat áður en leyfi til framkvæmda verði veitt og að fram fari nákvæm vöktun á áhrifum á lífríki og eðli Varmár.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að unnið hafi verið ítarlegt áhrifamat. Í áhrifamatinu sé metið að ólíklegt sé að tímabundin og staðbundin áhrif á framkvæmdatíma vegna hækkunar hitastigs, gruggmyndunar og skolvatns í straumvatnshlotinu Varmá, muni valda því að vistfræðilegt ástand þess hnigni. Lögð verði fram vöktunaráætlun sem miðist m.a. að því að fylgjast með Varmá á framkvæmdatíma og muni hún fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi. Áhrifamatið verði uppfært eftir þörfum ef til nýtingar borholanna komi og sótt verði um nýtingarleyfi.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að stofnunin bendi á mikilvægi þess að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegt áhrifamat þurfi að liggja fyrir áður en sótt sé um nýtingarleyfi og nýting hefst til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og stefnumörkun þess sem fram komi í vatnaáætlun.

Í svari framkvæmdaraðila segir að unnið hafi verið ítarlegt áhrifamat á vatnshlot vegna vinnsluholanna sem fylgi með sem viðauki með matsskyldufyrirspurn. Áhrifamatið hafi verið framkvæmt skref fyrir skref í samræmi við leiðbeiningar þáverandi Umhverfisstofnunar frá því í desember 2024 á mati á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Gróðurfar

Í greinargerð Veitna kemur fram að vistlendi á svæðinu séu aðallega í floknum aðrar landgerðir þ.e. tún og akurlendi, graslendi og mólendi. Vistgerðir sem séu á svæðinu og hafi hátt eða mjög hátt verndargildi séu grasmóavist, língresis- og vingulvist ásamt grasengjavist. Þessar vistgerðir séu á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnist verndar. Vistgerðirnar séu útbreiddar hér á landi. Framkvæmdirnar feli í sér staðbundið rask vegna gerð borplana. Við frágang sé markmiðið



að tryggja sem besta aðlögun raskaðs svæðis að nærliggjandi umhverfi. Laust efni og jarðvegur verði jafnaður út eftir þörfum til að forðast skörp skil í landslaginu. Áhrif framkvæmdanna á gróðurfar séu metin óveruleg á gróðurfar.


Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þar sem vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar hafi verið notað við gagnaöflun beri að hafa í huga að það sé unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000 sem greini vistgerðir því misvel. Því séu þessar upplýsingar ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Skoða þurfi gróður á fyrirhuguðum borsvæðum áður en farið verði í framkvæmdir til að koma í veg fyrir rask á vistgerðum með hátt verndargildi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða svæði í dag sem séu töluvert röskuð vegna landnotkunar sem þegar sé á svæðinu, s.s. vegna beitar, slóða og annarra mannvirkja. Ekki sé talin þörf á nánari kortlagningu gróðurs eða vistgerð. Umfang áhrifa á vistgerðir með hátt verndargildi sé líklegt til að vera óverulega neikvæð.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mati stofnunarinnar beri að taka tillit til þess að vistgerðir sem falli undir Bernarsamninginn og mikilvægt að raska ekki þeim vistkerfum nema að undangengnu heildstæðu mati og þörf og áhrifum framkvæmdar og að teknu tilliti til annarra valkosta. Þótt vistgerðir séu útbreiddar geti staðbundið rask á svæðum með hátt verndargildi kallað á mótvægisáðgerðir. Nauðsynlegt sé að kortleggja umfang og staðsetningu vistgerða með hátt verndargildi á fyrirhuguðum borplönunum og meta áhrif framkvæmdar á þær sérstaklega. Einnig þurfi að tryggja endurheimt raskaðra svæða að framkvæmdum loknum.

Náttúruverndarstofnun bendi á auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni séu þær plöntur sem friðunin nái til friðaðar hvar sem þær finnast. Stofnunin telji mikilvægt að greining fari fram á því hvort friðaðar tegundir sé að finna innan framkvæmdasvæðisins áður en lengra sé haldið í leyfisferlinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að útbúin hafi verið mynd sem sýni nánar staðsetningu vistgerða m.t.t. staðsetningu borplana.



Mynd 3. Vistgerðir á framkvæmdasvæði (mynd fengin úr svörum framkvæmdaraðila við umsögnum umsagnaraðila við matsskyldufyrirspurn).



Eins og fram komi í matsskyldufyrirspurn þá sé töluverður hluti svæðisins skilgreindur sem tún og akurlendi og borplön REYK-5 og REYK-3 séu innan slíkra svæða. Borplön REYK-1,2,4 og 6 séu innan svæða sem séu að mestu snarrótarvist en grasmóavist fari einnig að hluta til inn á tvö borplön og lúpína inn á eitt borplanið. Borplan REYK-7 sé innan svæða þar sem grasmóavist og lúpína sé. Snarrótarvist og grasmóavist séu báðar með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Hér á landi séu báðar vistgerðirnar alútbreiddar eða útbreiddar en snarrótarvist finnist í 28% landsreita og grasmóavist í 48% þeirra. Bent sé á fyrirvara sem Náttúrufræðistofnun hafi sett á nákvæmi vistgerðarkortsins þegar afmörkun vistgerða sé skoðuð á stórum skala. Svæðin sem um ræðir séu töluvert röskuð vegna núverandi landnotkunar. Ekki sé því talin þörf á frekari greiningum m.t.t. friðaðra tegunda.

Ásýnd

Í greinargerð Veitna kemur fram að áhrifasvæði framkvæmda einkennist af fremur opnu svæði með blöndu af grónum svæðum, graslendi ásamt trjá- og runnagróðri. Svæðið sé dreifbýlt og einkennist landnotkun af landbúnaði, garðrækt og beitarlandi. Mannvirki á svæðinu séu meðal annars girðingar, malarvegir, lagnir og loftlínur sem liggi eftir landslaginu. Framkvæmdir feli í sér staðbundið rask við gerð borteiga og lagfæring á vegslóðum. Mannvirki sem muni standa eftir séu vegslóði, hluti borteigs og holutoppur. Ef til virkjunar kæmi þurfi að setja upp borholuhús og lögn frá borholu að safnlögn. Framkvæmdir komi ekki til með að breyta megineinkennum ásýndar og yfirbragði svæðisins, en muni auka hlutdeild mannvirkja á svæðinu. Áhrifin séu metin óveruleg.

Í umsögn Mosfellsbæjar kemur fram að huga þurfi að hönnun borteiga og aðstæðna komi til framkvæmda. Veitur hafi í öðrum verkefnum innan Mosfellsbæjar bent á að hægt sé að hnika teigum til og hanna sérstaklega. Gott sé að nýta sveigjanleika til að samræma framkvæmd og skipulagsmarkmið. Mosfellsbær leggi á það áherslu að fyrirhuguð uppbygging Veitna skuli ekki rýra forsendur fyrir þróun byggðar á svæðinu, hvorki með beinum eða óbeinum hætti.

Borholur geti rýrt skipulagsforsendur byggðar ef ekki sé hugað að samhengi þeirra við skipulag byggðar, vega og opinna svæða. Mikilvægt sé að fyrir liggi skýr vilji og áform um að samræma borteiga og mannvirki að framtíðar uppbyggingu íbúða, þ.m.t. útlit mannvirkja, umhverfi og opinna svæða. Veitur hafi bent á að ekki sé æskilegt að staðsetja íbúðarhúsnæði nálægt vinnsluholum vegna ónæðis og rasks sem fylgi viðhaldi og borunum. Einnig þurfi að huga að flutningsleiðum vatnsins og innviði í tengslum við önnur skipulagsáform.

Mosfellsbær leggi áherslu á að áætlun um borun sjö vinnsluhola falli undir umhverfismat vegna m.a. áhrifa á þróun byggðar og framtíðar landnotkun, áhrifa á ásýnd og umhverfi sem og mögulegra áhrifa á Varmá. Borholur sem staðsettar séu innan þróunar- og uppbyggingarsvæða þurfi að uppfylla ströng skilyrði um samræmi við skipulag.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Veitur taki undir mikilvægi þess að samræma borteiga og mannvirki að framtíðaruppbyggingu á svæðinu og viðhafa vandaðan frágang í hvívetna í samræmi við kröfur um vandaða hönnun og frágang veitumannvirkja í frumdrögum að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 0222-2040. Víðsvegar um höfuðborgarsvæðið sé komin löng og góð reynsla af vinnsluholum innan um aðra landnotkun. Í venjulegum rekstri hafi vinnsluholur ekki áhrif á nærumhverfi sitt með neikvæðum hætti, þ.e. með hávaða, umferð þungaflutninga eða öðru sem mikill ami sé af. Auðvelt sé að fella borholumannvirki að umhverfi síun, með lögun, byggingarstíl, litavali og öðru.

Veitur stefni að því að stofna lóðir undir borteiga þar sem athafnarymi sé nægt til að viðhalda holum og geri um þær langtímasamninga sem tryggi réttindi þeirra ef um vinnsluholur verði að ræða. Veitur leggi á það áherslu að það sé vel mögulegt að samrýma landnotkun þar sem vinnsluholur séu við við ýmsa aðra landnotkun, svo framarlega sem ekki séu byggð föst mannvirki á lóðinni. Þannig megi vel hugsa sé að á athafnasvæði vinnsluhola, sé opið grænt svæði, leiksvæði, jafnvel bílastæði eða önnur landnotkun, sem þurfi þá einungis að víkja tímabundið ef til þess kæmi að viðhald þyrfti



að holunni s.s. að hreinsibora holu. Veitur muni vinna að nánari útfærslu framkvæmda í samvinnu við sveitarfélagið.

Framkvæmdir Veitna séu vel samræmanlegar við aðra innviði og skipulag, enda algengt að vatns- og veitukerfi liggja samhliða eða þvert á vegi og annað byggt umhverfi. Við hönnun og útfærslu lagna verði tekið mið af fyrirhuguðum vegtengingum og öðrum skipulagsáformum á svæðinu. Vandað verði vel til verka í alla staði við hönnun, framkvæmd og frágang svo að sem minnst áhrif verði á aðgengi fólks að opnum svæðinu í grenndinni og að sem minnst ónæði skapist á framkvæmdatíma. Tímabundin lögn verði ofanjarðar og því ekki búist við raski nema á þeim stöðum þar sem lögnin þurfi að liggja undir veg. Slóðagerð miði einkum að því að styrja núverandi slóða sem séu á svæðinu. Mjög lítil hluti slóðagerðar fari um svæði þar sem ekki séu slóðar nú þegar.

Veitur taki ekki undir með Mosfellsbæ að þörf sé á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum. Í matsskyldufyrirspurn hafi verið gerð grein fyrir helstu áhrifum framkvæmdar og lagðar fram mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum þar sem það eigi við. Niðurstöður séu óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti en tímabundið neikvæð á hljóðvist. Það sé mat Veitna að áhrif framkvæmda geti ekki talist umtalsverð í skilningi laganna um umhverfismat framkvæmda og áætlana og því sé ekki um matsskylda framkvæmda um að ræða. Skerpt hafi verið á umfjöllun um skipulagsmál, landnotkun, tilhögun á framkvæmdatíma sem og ákveðið hafi verið að vinna vöktunaráætlun fyrir Varmá í svörum framkvæmdaraðila.

Fornleifar

Í greinargerð Veitna kemur fram að fyrir liggur fornleifaskráning á svæði þar sem borholur séu fyrirhugaðar. Þrjár fornleifar liggja í námunda við fyrirhuguð borplön. Fornleifarnar séu skotgröf (2773), Tunnuhver -heimild (2894) og stífla (2777). Borteigar og rask s.s. lagfæring á slóðum verði staðsett þannig að ekki hljóttist rask af á fornleifar. Borplön fyrir holu Reyk-7 og Reyk-4 lendi utan svæðis sem fornleifaskráningin nái til en þessir borteigar séu á svæði sem sé þegar mikið raskað og ekki talið líklegt að plönin hafi áhrif á fornleifar. Ef áður óþekktar fornleifar komi í ljós mun framkvæmdaraðili hafa samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmdir stöðvaðar uns fengin er ákvörðun stofnunarinnar um hvort megi halda áfram framkvæmdum og með hvaða skilmálum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hafi kannað á vettvangi þau svæði sem lendi utan fornleifaskráningarinnar frá árinu 2023 þ.e. borplön fyrir holu Reyk-7 og Reyk-4 og aðliggjandi vegslóða. Ljóst sé að þessi svæði séu mjög röskuð. Gegnum Reyk-7 liggja eldri veitulögn í jörðu og af gömlum loftmyndum má sjá að vegslóði hafi legið um NA-horn svæðisins. Reyk-4 sé raskað garðræktarsvæði. Engar minjar voru sjáanlegar á loftmyndum og sömuleiðis fundust engar minjar í vettvangsathugun. Í ljósi þessi telji Minjastofnun ekki þörf á frekari fornleifakönnun á svæðinu. Fornleifaskráningin frá 2023 sé fullnægjandi fyrir gerð umhverfismats og þær minjar sem lendi í námunda við framkvæmdasvæðið eigi skv. framkvæmdaraðila að gæta fyllstu varúðar við og ekki valda á þeim raski.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Veitur muni tilkynna ef minjar finnast við fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við umsögn Minjastofnunar Íslands og lög um menningarminjar.

Mótvægisáðgerðir

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að það vanti að greina frá fleiri mótvægisáðgerðum í greinargerðinni, sem og vöktun sem ætti að fylgja framkvæmd sem þessari. Þá skorti skýrari viðmið um hvenær grípa skuli til frekari áðgerða ef áhrif verði meiri en áætlaða sé. Stofnunin leggi til eftirfarandi atriði:

- Gerð verði vistgerðakortlagning á borplönunum og slóðum áður en framkvæmdir hefjist, með það að markmiði að forðast eða lágmarka rask á vistgerðum. Þar sem rask verði óhjákvæmilegt skuli skilgreina áðgerðir til endurheimtar.



- Rannsaka þurfi hvort friðaðar tegundir sé að finna á framkvæmdasvæðinu og vinna áætlun um mótvægisáðgerðir gegn raski á þeim ef svo er.
- Gera vöktun á hitastigi, efnasamsetningu og gruggmagni í Varmá og lækjum sem skolvatn renni til, bæði á framkvæmdatíma og eftir lok borana. Sérstaklega þurfi að fylgjast með áhrifum á líffræðilega gæðapætti og búsvæði fiska.
- Settar verði skýrar viðbragðsreglur ef mælingar sýni meiri áhrif en áætlað sé, t.d. hækkað hitastig í Varmá, áhrif á lífríki eða hávaði yfir viðmiðum. Áætlun þessi skuli liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjist.
- Ef borholuhús eða önnur varanleg mannvirki verði reist, skuli greina frá sjónrænum mótvægisáðgerðum, t.d. lágstemmdri hönnun og landmótun í kring.

Að mati stofnunarinnar ætti framangreind mótvægisáætlun að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum, komi til slíks mats, en einnig að skilyrðum leyfis ef framkvæmdin verði ekki talin matsskyld.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að unnin verði vöktunaráætlun sem muni m.a. taka til þeirra þátta sem Náttúruverndarstofnun leggi til í umsögn sinni, þ.e. hitastiga, efnasamsetningu og gruggmagni. Verði ákveðið að virkja borholu verði komið fyrir borholuhúsi á staðnum. Mikill sveigjanleiki sé á hönnun slíka húsa sem geti tekið mið af staðbundnu landslagi og mannvirkjum svo þau falli vel að umhverfinu.

5 Skipulag og leyfi

Í gildi er Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 – 2030. Veitukerfi eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdætti en stofnlagnir eru sýndar á skýringauppdráttum. Breyta þarf aðalskipulaginu ef nýta á holur til vinnslu og skilgreina iðnaðarsvæði fyrir viðkomandi svæði. Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. skipulagslögum.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu sbr. lög um lax- og silungsveiði.

Jarðboranir eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Áður en framkvæmdir hefjast þurfa leyfisveitendur að taka skýra afstöðu til áhrifamats á vatnshlot og tryggja að fyrirhuguð leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þ.m.t. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, sé nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi stofnunarinnar, hvort sem það sé til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum. Nýting á Reykjum hófst fyrir gildistöku laga nr. 57/1998, og ekki hafi verið gerð krafa í lögunum að nýting sem þegar væri hafin þyrfti að sækja um leyfi. Engu að síður hvetji Umhverfis- og orkustofnun nýtingaraðila til að sækja um nýtingarleyfi. Slíkt leyfi þurfi að liggja fyrir áður en nýting hefst.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þessi ábending sé meðtekin og stefni Veitur á að sækja um nýtingarleyfi á öllum sínum vinnslusvæðum. Á síðustu árum hafi Veitur sótt um nýtingarleyfi á þremur minni vinnslusvæðum. Nú sé tímabært að ganga í að sækja um nýtingarleyfi fyrir stærri og flóknari vinnslusvæði eins og á Reykjum. Eðlilegast væri að sækja um nýtingarleyfið þegar fyrirhugaðar borholur hafi verið boraðar og prófaðar svo unnt verði að leggja mat á vinnslugetu þeirra.



6 Niðurstaða

Um er að ræða borun sjö vinnsluhola fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.17 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og hverfisverndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til þéttbýlla svæða, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir sem kunna að hafa tímabundin neikvæð áhrif annars vegar vegna ónæðis af völdum hávaða og hins vegar vegna gruggs og hitamengunar af völdum jarðhitavatns sem losa á í Varmá, sem er á C-hluta náttúruminjaskrár og 50 m breitt hverfisverndað belti umhverfis hana.

Fyrir liggur að borun nokkurra af fyrirhuguðum vinnsluholum fari fram í mikilli nálægð við íbúðarhús, frístundahús og heilbrigðisstofnun og að óhjákvæmilega munu íbúar og aðrir sem þar dvelja í nærliggjandi húsum verða fyrir ónæði af völdum hávaða á meðan á borun holanna stendur en hér verða um tímabundin neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsstofnun bendir á að ónæðið getur varað í marga mánuði þar sem um er að ræða borun á sjö holum sem verða boraðar hver á fætur annarri, samfleytt í allt að 70 vikur skv. áætlun Veitna. Um er að ræða háværar framkvæmdir í viðkvæmu umhverfi og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að Veitur kynni ítarlega fyrir íbúum nærliggjandi svæða fyrirætlanir um borun áður en framkvæmdir hefjast í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða. Með umsókn um leyfi skal framkvæmdaraðili leggja fram nákvæmar upplýsingar um mögulegan hávaða frá framkvæmdunum, þar sem kveðið er á um notkun gáma til hljóðdempunar til að tryggja sem minnst ónæði þar sem það á við.

Samkvæmt framlögðum gögnum Veitna og reynslu af nýtingu úr jarðhitakerfinu er ekki talin ástæða til að ætla að fyrirhugaðar borframkvæmdir og vinnsla úr holum REYK-1-7 og aukin vinnsla úr Reykjakerfinu muni hafa áhrif á grunnvatnsstöðu þar sem ekki á að vinna meira en það sem mest hefur verið unnið hingað til í sögulegri vinnslu á svæðinu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á vöktun með svæðinu og brugðist verði við ef í ljós kemur að aukin vinnsla hafi áhrif á magnstöðu grunnvatnshlotanna sem framkvæmdin nær til. Hugsanlegt er að vatnstaka úr Köldukvísl geti truflað búsvæði lífvera nálægt vatnstökustaðnum en það verði staðbundið og tímabundið. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að eftirlit verði haft með mögulegum áhrifum vatnstökunnar á búsvæði lífvera í Köldukvísl og skýrar reglur settar á verkstað um vatnstökuna til að draga úr hugsanlegum áhrifum.

Áhrifamat fyrir vatnshlot sem Veitur hafa unnið og tekur til áhrifa á grunnvatnshlot, vatnstöku og losun skolvatns í straumvatnshlot, bendir ekki til neikvæðra áhrifa á vatnshlotin vegna fyrirhugaðrar borunar. Ljóst er hinsvegar að Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt



gildi sem mikilvægt er að standa vörð um. Skipulagsstofnun tekur undir með Mosfellsbæ sem leggur áherslu á að viðhald og framkvæmdir við holurnar raski ekki verndarsvæðum eða ástandi vatnshlotanna.

Samkvæmt framlögðum gögnum mun skolvatn frá borun kólna á leið í Varmá en erfitt er að leggja mat á hversu mikið vatnið kólnar á leiðinni. Þannig er óljóst hver hugsanleg hitaáhrif kunna að verða í ánni tímabundið af völdum skolvatns frá borun holanna en að líkindum munu þau verða staðbundin við útrás. Mikilvægt er að eftirlit verði haft með mögulegum áhrifum þess á lífríki viðtaka. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að sú tímabundna aukning á magni jarðhitavatns á meðan á borun stendur yfir nokkra vikna tímabil, komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á Varmá, sbr. niðurstöður áhrifamatsins. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili ætli að viðhafa vöktun með viðbrögðum svæðisins af aukinni vinnslu m.t.t. vatnsborðs, hita og efnasamsetningar jarðhitavatns. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili bregðist við ef að vöktunin sýni hnignun á vatnsborði, hækkun á hitastigi eða efnasamsetningu jarðhitavatns umfram viðmið og að vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun liggi fyrir við umsókn um leyfi áður en framkvæmdir hefjast.

Varðandi áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vistgerðir og gróður þá er ljóst að um er að ræða töluvert staðbundið rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vistgerðir með hátt verndargildi finnast á svæðinu sem eru á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnast verndar. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að svæðið er nú þegar töluvert raskað vegna núverandi landnotkunar vegna beitar, slóða og annarra mannvirkja. Vistgerðirnar sem finnast á svæðinu eru útbreiddar hér á landi og umfang þeirra innan rasksvæða ekki talið mikið. Skipulagsstofnun leggur áherslu á vandaðan frágang borplana með það að markmiði að tryggja sem besta aðlögun raskaðs svæðis að nærliggjandi umhverfi.

Mosfellsbær bendir á í umsögn sinni að áhrif verða á landnotkun bæjarins skv. skipulagsáætlunum vegna framkvæmdanna sem fyrirhugaðar eru. Skipulagsstofnun bendir á að ef til vinnslu kemur þá munu borholur og borplön hafa þýðingu fyrir skipulag svæðisins. Aftur á móti þá er vinnsla á heitu vatni vel samrýmanleg íbúðarbyggð og mörg dæmi um heitavatnsholur sem staðsettar eru innan um íbúðarbyggð. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að varanleg mannvirki verða reist með lágstemmdri hönnun og góðri landmótun í kring til að draga úr ásýndaráhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Veitur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrif framkvæmda ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. október 2025.

Reykjavík, 22. september 2025

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

